

# Opinn félagsfundur

## Breytingar á vinnumatssjóði og ársmatssjóði

Dagsetning: 4. apríl 2011 kl. 12.30

Fundarstaður: N102

Fjöldi félagsmanna: 25

Framsögumenn: Helgi Gestsson, FHA, Baldvin Zarioh, FH og Jörundur Guðmundsson, FH

Fundargerð ritaði: Hjördís Sigursteinsdóttir

1. Helgi Gestsson fjallaði um vinnumatssjóð og ársmatssjóð HA og um þá vinnu sem nú stendur yfir vegna endurskoðunar á þessum sjóðum. Síðasta breyting á vinnumatssjóðnum var gerð án samráðs við FHA. Sú breyting fól í sér lækkun á viðmiðunar stöðuhlutfalli til að eiga rétt á úthlutun úr sjóðinum úr 50% í 20%. Til þess að geta verið félagsmenn í FHA þarf hins vegar að vera í a.m.k. 33% stöðugildi. Þarna er ósamræmi. Vinnumatssjóðurinn er 12,5% af dagvinnulaunum akademískra starfsmanna fyrir utan prófessora. Hvert stig gefur um kr. 41.000. Þröskuldurinn er 7 stig fyrir mann í fullri stöðu en 14 fyrir mann í minna en hálfri stöðu sem stundar rannsóknarstörf við aðra stofnun/fyrirtæki. Ársmatssjóðurinn hafði hækkað árið 2008 í kr. 9.000.000 úr kr. 4.500.000 en var færður aftur í kr. 4.500.000 árið 2009 og 2010. Úthlutað er úr sjóðnum jafnt á alla, þ.e. ekki er miðað við frammistöðu eins og gert var ráð fyrir við stofnun sjóðsins, en hins vegar er tekið tillit til starfshlutfalls.
2. Baldvin Zarioh frá Félagi háskólakennara við Háskóla Íslands fjallaði um vinnumatssjóðinn hjá HÍ. Þar er sjóðurinn 12,5% af dagvinnulaunum eins og við HA. Þar er 7 stiga þröskuldur. Félagsmenn fá úthlutað í samræmi við starfshlutfall, skert starfshlutfall, skert stig. Þar er ekki greitt fyrir lokaritgerðir og ekki tilvitnanir en í báðum tilvikum er það gert hér við HA. Þar er sér sjóður fyrir nýdoktora. Það er munur á greiðslum fyrir hvert rannsóknarstig eftir því hvort um vinnumatssjóð er að ræða eða ritlaunasjóðinn sem prófessorar fá úthlutað úr. Stig í vinnumatssjóði gaf síðast um kr. 43.000 en aðeins kr. 26.000 í ritlaunasjóðnum. Ritlaunasjóðurinn er á fjárlögum.  
  
Hjá HÍ hafa sumar stofnanir farið út í það að semja við starfsmenn um akademískt mat og þannig fái þeir aðgang að vinnumatssjóðnum fyrir sínar rannsóknir. Til þess að það sé hægt þurfa stjórnir stofnananna að samþykkja það.
- Baldvin taldi réttara að úthluta eigi úr vinnumatssjóði í samræmi við starfshlutfall, hafa þröskuldinn eins hjá öllum og skerða stigin og greiðslurnar samkvæmt því. Ólíkt því sem er hér við HA.
3. Jörundur Guðmundsson frá Félagi háskólakennara við Háskóla Íslands fjallaði um ársmatssjóðinn hjá HÍ. Þegar SKREF kerfið hjá HÍ var tekið upp lá leiddi það til mikillar launaleiðréttingar milli kynja. Ársmatssjóðurinn er hvatasjóður en hann var misnotaður, sumt

starfsfólk sinni þessu ekki. Fyrir tveimur árum var þessu breytt og farið að nota þrjá flokka. Þá fá allir 2 tilvistarstig á ári. Potturinn var 43 milljónir, tóku hluta og fluttu alla í stjórnsýslunni til hægri í launatöflunni. Potturinn nær ekki 12,5% af dagvinnulaunum þeirra sem fá úr honum. Greitt í þremur þrepum kr. 180.000, kr. 220.000 og kr. 260.000.

Það þarf að búa til kerfi til að þetta virki annars eru þetta bara kjarabætur sem settar verða inn í launatöflu og þá er þetta týnt. Matið var framkvæmt þannig í HÍ (þar til fyrir tveimur árum???) að yfirmenn gáfu einkunn á bilinu 1-10, síðan fóru fulltrúar á starfsmannasvið yfir það mat með þeim of svo var nefnd sem fór yfir rökstuðninginn með einkunn.

SKREFINU hefur verið breytt í HÍ þar sem nú fást fleiri stig fyrir t.d. menntun; sjá heimasíðu þeirra.

Starfsmannasamtöl geta verið hluti af þessu mati. Starfsmaður og yfirmaður geta komið sér saman um sanngjarna einkunn byggða á starfi.

Ýmsar umræður spruttu upp inni í erindum, milli þeirra og eftir. Fólkar sammála um að það ætti að samræma þetta á milli skólanna.

Gott væri að taka saman í töflur og sjá muninn þannig að fólk geti áttað sig betur á þessi en stóra spurningin er sú, hvert er grunnmarkmið með vinnumatssjóði? Er þetta ekki aukaumbun fyrir störf sem unnin eru utan vinnutíma? Í rauninni ekki endilega, það fer eftir starfsmanninum sjálfum og hvað hann er að gera. Þetta á að vera hvatakerfi til að rannsaka meira og auka gæði í rannsóknum.

Munurinn á ársmatssjóðnum og vinnumatssjóðnum er sá að það eru ekki allir að fá úr vinnumatssjóðnum, þ.e. það eru ekki allir sem eru að rannsaka og skila því ekki inn vinnumati og fá ekki stig og þar með ekki greitt. Það fá hins vegar allir jafnt úr ársmatssjóðnum, þannig að þar er enginn hvati til staðar.

Rætt um að það eigi náttúrulega ekki að líðast að starfsmaður sé ekki að sinna þinni rannsóknarskyldu og komist upp með það ár eftir ár. Hér virkar það þannig að ef kennari nær ekki 10 stigum árlega að meðaltali þá er honum refsað og sett meiri kennsla á hann en jafnframt er umbunað fyrir stigin 7, 8 og 9 með greiðslum úr vinnumatssjóði. Misræmi er þarna á milli. Umbun og refsing.

Að mati talsmanna FH eru vandamál tengd því ef kennari sinnir ekki rannsóknum og þarf þá að leysa þau inni á deildunum sjálfum. Félagið sjálft ætti hins vegar að koma beint að því hvernig fjármunum vinnumatssjóðnum er skipt milli félagsmanna. Yfirstjórn kemur hann ekki við.

Bent var á að ársmatið kom frá Svíþjóð og væntanlega ársmatssjóðurinn líka en kom þá ekkert matskerfi með honum? Jú líklega eru það stjórnendur þar sem framkvæma mat.

Potturinn hjá grunnskólakennunum var nefndur sem dæmi.

Fram komu efasemdir um að stjórnendur ólíkra sviða gætu metið starfsmenn með samræmdum hætti vegna ársmatssjóðsins. Ef við segjum að þetta er ekki hægt þá eru við líka að segja að við séum ekki með nógu góða stjórnendur.

Velt var upp hvernig mat hentar? Væri hægt að gera jafningjamat um hvernig fólk er að standa sig í þjónustu t.d.

Einn hafði enga trú á þessu og taldi að mat sem væri byggt á huglægum þáttum yrði alltaf vinsældarmat.

Staðreyndin er sú að HÍ gafst upp við að vinna matið eins og þeir byrjuðu að gera það og spöruðu sér starfsmanninn í annað.

Fundi slitið kl. 14.00